

Nd.

194. Frumvarp

um veðurstofu á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

- a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægilega margar veðurstöðvar úti um land, sem standa undir umsjón og eftirliti veðurstofunnar.
- b. Að vinna úr veðurskýrslum frá veðurstöðvunum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsins.
- c. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, og senda út fregnir um veðurútlit. Skal einkum lögð stund á að vara við stormhættu á landi og á miðum úti og segja fyrir um úrkomu að sumrinu.
- d. Að safna nákvæmum fregnum um hafis og senda út isfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Sama gildir og þegar eldgos og öskufall ber að höndum.
- e. Að standa, í samráði við ríkisstjórnina, fyrir öllum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu í veðurfræði og Ísland varða að einhverju leyti. Hjer með er talin umsjón með þeim veðurfregnum, sem sendar eru til annara landa.

3. gr.

Skylt er veðurstofunni að hafa eftirlit með landskjálfta- og segulmagnsmælingum (áttaskekkju), þegar þess er krafist af ríkisstjórninni og nauðsynleg fjárveiting er fyrir hendi.

4. gr.

Veðurfregnir, sem veðurstofan gefur út, skulu sendar með síma eða loftskeytum, svo fljótt sem fōng eru á, og tafarlaust birtar á símastöðvunum. Setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um, hvernig sendingu þeirra og birtingu skuli hagað; hann ákveður og gjald það, sem veðurstofan greiðir landssímanum fyrir veðurskeytin.

Sjerstakar fregnir frá veðurstofunni um stormhættu, hafisa og öskufall skulu ganga fyrir öðrum skeytum, að svo miklu leyti sem alþjóðareglur heimila.

5. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir veðurfræðingar, forstjóri og fulltrúi. Skulu báðir færir um að annast veðurspár, enda hafa nægilega þekkingu í þeim fræðigreinum, sem lúta að veðurfræði, þ. e. eðlisfræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði, svo og landskjálfta- og segulmagnsmælingum. Engan má skipa veðurfræðing fyr en hann hefir verið eitt ár í stöðinni til reynslu. Ekki má hann gegna stöðunni lengur en tvö ár án þess að hafa fengið veitingu fyrir henni.

Atvinnumálaráðherra veitir þessi embætti.

6. gr.

Forstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr., upp í 6000 kr.

Auk þess hefir forstjóri ókeypis íbúð í byggingu veðurstofunnar, sbr. 7 gr., enda hafí hann eftirlit með áhöldum hennar.

Byrjunarlaun fulltrúa skulu vera 4000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár, upp í 5000 kr.

Forstjóri og fulltrúi njóta báðir samskonar uppbótar á launum sínum og embættismenn landsins fá samkvæmt launalögum.

7. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa skal reist sjerstök bygging fyrir veðurstofuna, á stað, sem er hentugur fyrir störf þau, sem hún hefir með höndum eða kunna að verða henni falin.

8. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1926.

Ákvæði um stundarsakir.

Verði núverandi forstöðumaður veðurathugana forstjóri veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans þegar vera 6000 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.

Verði Jón Eypórsson veðurfræðingur skipaður fulltrúi í veðurstofu Íslands, skulu árslaun hans vera 5500 kr., auk uppbótar samkvæmt niðurlagi 6. gr.